



PARADÍSARHEIMT 60/40



PARADÍSARHEIMT 60/40

Sýning í Þjóðarbókhöllu, opnuð 25. september 2020,
í tilefni af því að 60 ár eru liðin frá útkomu bókar Halldórs Laxness
og 40 ár frá frumsýningu sjónvarpsmyndar sem gerð var eftir bókinni.

Á sýningunni eru gögn sem Björn G. Björnsson leikmyndateiknari hélt til haga
við tilurð og töku sjónvarpsmyndarinnar og afhenti Leikminjasafni Íslands.

PARADÍSARHEIMT 60/40

Sýningarskrá gefin út í tilefni af því að 60 ár eru liðin frá útkomu bókar Halldórs Laxness og 40 ár frá frumsýningu sjónvarpsmyndar sem gerð var eftir bókinni.

Sýningin er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Gljúfrasteins.

Vinafélag Gljúfrasteins styrkir verkefnið.

Í sýningarskránni eiga texta:

Björn G. Björnsson, Bragi Þ. Ólafsson, Guðný Halldórsdóttir, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Hönnun sýningar og ritun megintexta:

Björn G. Björnsson.

Hönnun sýningarskrár:

Ólafur J. Engilbertsson.

Að sýningunni unnu fyrir hönd Landsbókasafns:

Bragi Þ. Ólafsson, Guðjón Pálmarsson, Jökull Sævarsson, Marín Árnadóttir.

Ljósmyndir:

Björn G. Björnsson, Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.

Prentun skrár:

Litróf Hagprent ehf.

Sérstakar þakkir:

Vinafélag Gljúfrasteins, Kvikmyndagerðin Umbi og Rín-HljóðX.

Útgefendur:

Gljúfrasteinn og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2020.



PARADÍSARHEIMT 60/40

Það er mér mikil ánægja að opna sýninguna Paradísarheimt 60/40 í Þjóðarbókhöðunni. Sýningin og samkoman eru unnin í samstarfi Gljúfrasteins – húss skáldsins og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, og Vínafélag Gljúfrasteins styrkir verkefnið.

Tilfellið er að 60 ár eru frá útgáfu bókarinnar Paradísarheimtar eftir Halldór Laxness árið 1960 og 40 ár frá frumsýningu sjónvarpsmyndarinnar Paradísarheimtar í desember 1980, en hún var sýnd í þremur hlutum í Sjónvarpinu á jólum árið 1980. Þar segir frá grjótpálnum Steinari bónda í Steinahlíðum og leit hans að paradís m.a. í Bandaríkjunum og á Íslandi. Myndin var framleidd fyrir Norður-þýska sjónvarpið, í samvinnu við sjónvarpsstöðvar Norðurlanda og svissneska sjónvarpsstöð. Leikstjóri myndarinnar var Rolf Hädrich sem einnig skrifaði handrit, og aðstoðarleikstjóri var Sveinn Einarsson.

Sýningin Paradísarheimt 60/40 byggir á efni frá Birni G. Björnssyni leikmyndateiknara, en hann sá um leikmyndahönnun myndarinnar. Í viðtali við Björn við Morgunblaðinu 14. desember 1980, rétt áður en myndin var frumsýnd, kemur fram að gera þurfti 40–50 leikmyndir og að hann sé að setja upp sýningu á þessari vinnu á veitingahúsinu Torfunni við Amtmannsstíg. Hluta af þeirri sýningu sjáum við hér á sýningunni, sem er opnuð í dag. Þá eru þar einnig myndskreið úr myndinni sem verða sýnd á skjá.

Í Landsbókasafni eru varðveitt, handrit, bréf og skjöl Halldórs Laxness, allar útgáfur hans á íslensku, auk erlendra þýðinga sem náðst hefur í og enn eru að berast nýjar þýðingar. Einnig er hér varðveitt íslensk tónlist með ljóðum hans, kvikmyndir og þættir byggðir á verkum hans, auk innlendar og erlendar umfjöllunar um verk Halldórs í blöðum, tímaritum, námsritgerðum o.fl. Svo eru reglulega tekin afrit af vef Gljúfrasteins og öðru efni tengt Halldóri á .is lénum.

Það er gaman að segja frá því að bókin hefur komið út í sex útgáfum á íslensku og nokkuð fleiri prentunum og sem rafbók árið 2019 á vegum Vöku-Helgafells. Þá eru til í safninu þýðingar á Paradísarheimt á 13 tungumálum í 31 útgáfu, en þær eru eflaust fleiri.

Í fyrra flutti Leikminjasafn Íslands í Þjóðarbókhöðuna og starfsfólk safnsins er að fara í gegnum safnkostinn sem kom hingað, en hluti hans fór í Þjóðminjasafnið s.s. munir og fleira þrívítt efni.

Hingað komu viðamikil bréfa og skjalasöfn frá leikurum og fólki tengdu leiklist og leikhúsum, en einnig leikmyndagerð og kvikmyndagerð og m.a. frá Birni G. Björnssyni. Þetta er verið að skrá og gera aðgengilegt fyrir frændimenn og grúskara.

Endurgerð vefjarins leikminjasafn.is og gagnagrunnsins sem liggur á bakvið var sett í forgang í þessari vinnu og hann er nú kominn í fulla virkni og starfsfólk leikhúsanna farið að setja inn efni á nýjan leik. Næsta verkefni sem er í undirbúningi er að auglýsa eftir starfsmanni í Leikminjasafnið.

Það er því vel við hæfi að í því ágæta samstarfi sem við höfum átt við Gljúfrastein í gegnum tíðina, að þessi sýning tengi saman Landsbókasafnið, Gljúfrastein og Leikminjasafnið.

Ég vil þakka öllum sem komu að gerð sýningarinnar.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður

HANDRIT PARADÍSARHEIMTAR

Einkaskjalasafn Halldórs Laxness er eitt stærsta einkaskjalasafnið sem varðveitt er í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Safnið, sem hefur safnmarkið Lbs 200 NF, er varðveitt í 550 öskjum og hefur aðallega að geyma handrit Halldórs og bréfasamskipti, en einnig úrklippur, ræður, ávörp, heillaskeyti og margt fleira. Þessi gögn Halldórs bárust til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í mörgum hlutum í áranna rás, en einkum eftir 1990. Þau voru formlega afhent til safnsins með viðhöfn á Degi íslenskrar tungu árið 1996. Í safninu eru fjölmargar gerðir af einstökum verkum Halldórs: handrituð drög, vélrit, prófarkir, og svo breytingar á milli útgáfna, en Halldór vann sífellt að lagfæringum á verkum sínum. Meðal þessara verka er Paradísarheimt sem kom fyrst út árið 1960. Í einkaskjalasafni Halldórs er að finna eiginhandarrit hans að verkinu, vélrit með breytingum, prentsmiðjuhandrit og kvikmyndahandrit Rolf Hädrich. Að auki má nefna að í handritasafni er að finna hluta úr ferðasögu Eiríks frá Brúnum (1823–1900), en hann var fyrirmyndin að persónu Steinars í Hlíðum í Paradísarheimt (Lbs 1214 8vo).

Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagstjóri handritasafns Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns



Leikmyndarteikning af Þingvallasenunni í Paradísarheimt eftir Björn G. Björnsson, afhent Leikminjasafni Íslands og varðveitt í Landsbókasafni Íslands — Háskólabókasafni. Upptökur á innisenum fóru fram í Armúla 7.



Halldór Kiljan Laxness. Myndin er tekin í kringum 1960. Ljósmyndari óþekktur.

PARADÍSARHEIMT 60/40

Hér er horft um öxl til tveggja merkisatburða í sögu bókmennta og kvikmynda. Um þessar mundir eru liðin 60 ár frá því Paradísarheimt Halldórs Laxness kom út, samtímis á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku og Noregi, og 40 ár frá frumsýningu kvikmyndar Rolf Hädrich sem byggir á sögunni.

Sagan af Steinari bónda, sem bjó búi sínu að Hlíðum í þeirri sveit sem heitir undir Steinhlíðum, á rætur í sögu Eiríks Ólafssonar á Brúnum, sem lifði um tíma meðal mormóna í vesturheimi á síðari hluta nítjándu aldar, hann lést aldamótaárið 1900 eða fyrir 120 árum.

Eiríkur á Brúnum skráði sögu sína, sögu sem varð uppspretta að merku skáldverki Nóbelskáldsins, sem aftur blés þýskum kvikmyndagerðarmanni anda í brjóst og þannig gekk sagan í endurnýjun lífdaganna. Hér og nú minnumst við sögunnar og þessara ólíku sagnamanna sem gæddu hana lífi á ólíkum tímum.

Það er vandaverk, ekki einasta í ljósi þessa breytinga sem orðið hafa á skáldskap og kvikmyndagerð á þeim 60/40 árum sem liðin eru síðan sú bók og sú bíómynd sem hér eru í brennidepli, litu dagsins ljós, heldur vegna byltingarinnar sem orðið hefur í miðlunarleiðum af ýmsu tagi.

Einu sinni þótti það eitt hafa átt sér stað sem birtist á prenti, svo kom útvarpið og varð boðberinn eini sanni, síðan tóku við myndmiðlarnir, kvikmyndir og sjónvarp, og loks tölvurnar og veraldarvefurinn. Í þessum flókna heimi þurfa söfnin nú að fóta sig, leita leiða til að kveikja líf í merkisatburðum menningarsögunnar og færa kjarna þeirra nýjum kynslóðum.

Þá er gott að vita til þess að höfuðsafn hins ritaða orðs, þjóðbókasafnið okkar, hefur á síðustu árum fengið liðsauka með því að það hefur tekið upp á sína arma Tónlistarsafn Íslands og Leikminjasafn Íslands og þar með tengst sterkari böndum við listirnar. Að auki liggja héðan bein tengsl að Gljúfrasteini, safninu í húsi skáldsins. Paradísarheimt 60/40 ber þessa lifandi samstarfs glöggt vitni.

Kolbrún Halldórsdóttir, fv. forsvarsmaður Leikminjasafns Íslands og stjórnarmaður í Gljúfrasteini – húsi skáldsins

PARADÍSARHEIMT KVIKMYNDUÐ

Í minningunni er eins og varpað hafi verið sprengju inn í Sjónvarpshúsið, þegar ákveðið var að kvikmynda bókina um Stein bónda í Steinhlíðum. Paradísarheimt í þremur þáttum fyrir sjónvarp. Þýska ljóðskáldið og leikstjórinn Rolf Hädrich hafði nokkrum árum áður kvikmyndað Brekkukotsannál í tveimur þáttum, sem var samvinna norrænna sjónvarpsstöðva og NRD í Hamborg. Hann leiddi þá línu í kvikmyndagerð, sem fékk nafnið „Verfilmter Litteratur“ og byggðist upp á sögumanni, sem les úr skáldsögunni í bland við leiknar senur og framvindan á rólegum nótum.

Það var ekki mikil ró yfir Birni Björnssyni, leikmyndateiknara, þegar hann safnaði saman hópi fólks að undirbúa kvikmyndun á þremur þáttum, öllum í bíómyndalengd. Þetta var í byrjun marz 1979, það átti að byrja tölur í júní. Ekki var lítill asinn, sem í hönd fór. Undirbúningsliðið byrjaði á að lesa bókina, svo handritið, að því loknu skipaði Björn „mentor“ okkur að útvega bókina Íslenska þjóðhætti eftir Jónas frá Hrafnagili. sem varð biblían okkar. Hvernig gekk lífið fyrir sig í torfbæjum árið 1874?

Eitthvað gerði fólk annað en að hlusta á húslestra út í eitt og róa fram í gráðið. Hvað var á boðstólum hjá því? Hvað var á rúmunum? Hvað stússaði það við? Var það rétt að karlmenn hefðu verið í ljósbláum ullarsokkum spari? Öll þessi smáatriði urðum við að setja okkur inn í og Björn vildi hafa allt rétt og ekkert húmbúkk. Sjálfur lét hann setja niður kartöflur og rófur framan við óbyggða leikmynd, bæ Steinars í Steinhlíðum á Hvalnesi í Lóni og stóðu garðarnir í blóma fjórum mánuðum síðar, þegar tölurnar fóru fram.

Undirbúningslið Björns var kokhraust, þegar tókuliðið mætti frá Þýskalandi, auk þess farið að tala sérkennilega íslensku. Texti skáldverksins, hafði yfirtekið okkur og við farin að apa eftir honum í öllum samskiptum. Aldrei var heilsað nema að bæta ævinlega við. Það var ekki farið í morgunmat, heldur komið ofan til dögurðar, menn voru délítis góðir kallar, sumir himnaríkisdýgð og ef eitthvað var fengið að láni endaði setningin oft á að það þyrfti varla meira nema öðrum megin á hund.

Eftir hálfs árs strembnar tölur í tveimur heimsálfum, rankaði undirrituð við sér undir jól á skrifstofu í London að taka við launum sínum fyrir nokkrar vikur í Utah. Það var dágóður vöndur, sem stungið var í



Jón Laxdal og Guðný Halldórsdóttir.




Jón Laxdal og Anna Björnsdóttir í hlutverkum sínum.

rassvasann að sið Strandamanna. Á leið heim í neðanjarðarlestinni gekk ég út með ólina af handtöskunni minni og hafði verið rænd, en fannst sem ég hefði stolið af þeim glæpnum, því peningabúntið var á sínum stað. Sama kvöld var Íslendingafögnuður í London og til öryggis var búntið sett ofan í gamla enska bomsu í íbúð góðra vina. Þegar heim var komið var búið að bjótast inn og stela öllu steini léttara, en búntið var enn í bomsunni.

„Hér er staðurinn“ sagði Brigham Young þegar hann fann Utah. Þannig hugsaði ég með óhreyft búntið þegar ég ílentist í Lundúnum og launin urðu fyrsta greiðslan inn í nám í kvikmyndagerð.

Þrátt fyrir staðgott nám þar, tel ég að vinnan við Paradísarheimt hafi verið innihaldsríkari en allt nám sem nokkur kvikmyndaskóli getur boðið upp á.

Guðný Halldórsdóttir



FORMÁLSORÐ

Ég kys að nota hér starfsheitið leikmyndateiknari, þannig var það í símaskránni á neðan hún var og hét. Þegar ég var að byrja í Herranótt 1963 var talað um leiktjöld og höfuðsnillingur Þjóðleikhússins, Lárus Ingólfsson, var aldrei kallaður annað en leiktjaldamálari. Ég held að Steinvör Sigurðsson hafi komið með fagheitið leikmynd og starfsheitið leikmyndateiknari í löngu og þá var átt við heildarmyndina. Þegar ég fór svo að vinna í sjónvarpinu 1966 var gjarnan leitað sviðsmynd á rúllu-textana í lok þáttar, sem er rökrétt, alþjóðlega fagheitið er scenografia – sviðsteikning. Jafnvel var talað um að leikmynd ætti eingöngu við leikrit og leikhúsið. Þegar ég var í forystu fyrir mitt fag innan Félags íslenskra leikara 1972–1976 var búin til deild leikmynda- og búningateiknara. Svo leið fram og nú er ég í Félagi leikmynda- og búningahöfunda. Allt er þetta eflaust gert til að þoka faginu áfram til virðingar. Kannski verð ég leikmyndaskáld eftir næstu samninga? Það gerir ekkert til, ég er fyrir löngu kominn í Rithöfundasambandið.

Um 1980 fóru leikmyndateiknarar að minna á sig og starfsgrein sína með sýningum í veitingahúsinu Torfunni við Amtmannsstíg, nú Humarhúsið. Ég tók mig til í janúar 1981 og setti saman sýningu á 15 spjöldum með myndum og ýmsum gögnum frá vinnunni við Paradísarheimt. Sú sýning sem hér er í Þjóðarbókhöfðunni nú er byggð á þeirri sýningu og þeim gögnum sem ég hélt til haga í fjóra áratugi, en afhenti Leikminjasafni Íslands til varðveislu.

Leikmyndateiknarar höfðu forystu um stofnun Samtaka um leikminjasafn 2001 og áttu þátt í stofnun Leikminjasafns Íslands 2003 og höfðu þá í huga varðveislu teikninga sinna og annarra gagna. Mikil hreyfing komst á söfnun og varðveislu leiklistartengdra minja, efnt var til um 20 sýninga og gefnar út vandaðar skrár. Nú er þessi safnkostur að mestu varðveittur hér í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, þar á meðal það sem hér er haft til sýnis.

Vonandi markar þessi sýning kröftugt upphaf á starfsemi Leikminjasafns Íslands í þessu húsi.

Á töðugjöldum árið 2020,
Björn G. Björnsson leikmyndateiknari



Björn G. Björnsson hóf störf sem leikmyndateiknari strax að loknu stúdentsprófi sumarið 1966, þegar undirbúningur að stofnun Ríkissjónvarpsins stóð sem hæst. Þar teiknaði hann hundruð leikmynda og búninga við allar tegundir sjónvarpsefnis næstu 10 árin. Björn veitti leikmyndadeild Sjónvarpsins forstöðu 1970–1976. Árið 1972 gerði Sjónvarpið í samvinnu við nokkrar erlendar stöðvar sjónvarpsmynd eftir Brekkukotsannál í leikstjórn Rolfs Hädrich og sá Björn um leikmyndina. Átta árum síðar gerðu sömu aðilar samskonar sjónvarpsmynd eftir Paradísarheimt sem hér eru sýnd gögn frá.



Leikmyndateiknarar undirbúa sýningu sem send var til Álaborgar og sýnd þar um 1980, Björn G. Björnsson, Magnús Pálsson og Jón Þórisson.



Rolf Hädrich leikstjóri og Björn G. Björnsson leikmyndateiknari svipast um í gömlu skátatjaldi á Þingvöllum. Þar voru tekin atriði þar sem Steinar bóndi gefur kóngi gæðing sinn Krapa og flytur honum drápu.

LEIKMYNDAGERÐ

Leikmyndinni er ætlað að skapa leikverki viðeigandi umgjörð sem styður við innihald verksins og túlkun leikstjórans. Í leikhúsinu er þetta yfirleitt tiltölulega einfalt, eftir útpælda analísu er leikmyndin teiknuð, smíðuð, máluð, sett upp og lýst í tæka tíð fyrir frumsýningu. En þegar um er að ræða kvikmynd sem á að gerast fyrir hundrað árum í fjórum löndum getur ferlið orðið flókið.

Aðdragandi þess að ráðist var í gerð sjónvarpskvikmyndar eftir bók Halldórs Laxness, Paradísarheimt, sumarið 1979, er vitaskuld sá að sjö árum fyrr var sama teymi hér á ferð til að kvikmynda Brekkukotsannál. Þá kynntust hinir þýsku framleiðendur aðstæðum á Íslandi, íslenskum leikurum og öðru starfsfólki. Brekkukotsannáll hlaut verðlaun í Þýskalandi sem besta sjónvarpsmynd ársins 1973 og var jafnframt fyrsta sjónvarpsmyndin sem Austur-Þjóðverjar keyptu af Vestur-Þjóðverjum. Leikstjórinn var sá sami, Rolf Hädrich (1931–2000), en hann var jafnframt höfundur handrits í báðum tilvikum. Hädrich fékkst einkum við Verfilmte Literatur, eða kvikmyndun bókmenntaverka, og var hrifinn af bókum Halldórs Laxness. Við Hädrich unnum saman í blíðu og stríðu rigningarsumarið 1972 og þegar stefndi í annað ævintýri var hringt í mig.

BÓKIN OG HANDRITIÐ

Það fyrsta sem leikmyndateiknarinn gerir er að lesa bókina. Hana hafði ég vissulega lesið, en nú var hún lúslesin spjaldanna á milli og hugsað um tökustaði. Hvaða staðir eru til og hvaða staði þarf að búa til? Þetta myndi skýrast betur þegar handritið lægi fyrir því ekki yrði kvikmynd að beint upp úr bókinni. Þegar handritið barst kom í ljós, nú sem fyrr, að bækur Halldórs Laxness liðu fyrir slæmar þýðingar á þýsku. Lítil skilningur á íslenskum aðstæðum var áberandi og oft kom til misskilnings við leikmyndagerðina. Dæmi: Í Brekkukotsannál er miðhluti baðstofunnar kallaður miðloftið, en var þýtt sem zwischenstock eða millihæð þar sem menn myndu skríða inn í lágt loft til að sofa. Jón Laxdal var hjálpsamur við að leiðrétta svona lagað, enda altalandi á þýsku. Þetta lagaðist ekki fyrr en Ólafur Ragnarsson, útgefandi hjá Vöku–Helgafelli, hóf að endurútgefa verk Halldórs í vönduðum þýðingum. Vinnuhandrit Paradísarheimtar var síðan þýtt á ensku af þýskum skjalapýðanda og batnaði ekki við það.

HEIMILDIR OG ÞEKING

Hluti undirbúningsvinnunnar er að afla heimilda um allt: tímabilið, staðhætti, húsagerð, húsmuni, brúkshluti, verklag, siði og venjur, jafnvel persónur. En þekking á staðháttum getur verið tvíeggjað sverð. Við vitum hvar atburðir í bókinni eiga að gerast og leitum að þeim stöðum eða svipuðum, en þetta er ekki heimildarmynd heldur skáldskapur, og það skáldskapur margra. Eitt sinn sýndum við Hädrich stað þar sem tilteknir atburðir í sögunni áttu að gerast. Leikstjórinn leit í kring um sig og mælti: En hér eru engin ský. Okkur þótti þetta ekki gáfulegt. Síðar kom í ljós að tiltekið atriði kallaði á svartan himin og þungt yfirbragð og var tekið upp þegar veðurfar bauð upp á slíkt. Akkúrat hvar skipti ekki máli. Frægasta dæmið um þetta er atriði í Sölu Völu sem Svíar tóku upp hér um árið. Stúlkan hleypur upp hæðardrag í Grindavík og niður hinu megin á Þingvöllum. Svíar skildu ekki af hverju íslenskir bíógestir sprungu af hlátri í hvert sinn sem þetta atriði birtist á hvíta tjaldinu, þekking áhorfenda á staðháttum spillti fyrir þeim ánægjunni af að njóta myndarinnar. Og það var grúskað í fleiru, s.s. Mormónsbók, minningum Eiríks á Brúnum, ljósmyndum frá Þingvöllum 1874 o.s.frv.

LEIT AÐ TÖKUSTÖÐUM

Í júlí 1978 komu Hädrich leikstjóri, Gerd Volpers tökustjóri og Jón Laxdal leikari til Íslands og saman fórum við ásamt Guðnýju Halldórsdóttur vítt og breitt um Suðurland að skoða staði. „Fundum fleiri staði en við þurfum“ segir Jón Laxdal við blaðamann Þjóðviljans sem elti okkur austur í Vík til að ná myndum og viðtali. Þó fór svo að aðalstaðurinn, Hlíðar undir Steinhlíðum, var ófundinn þegar þeir þýsku sneru heim. Hann fannst um síðir við bæinn Hvalnes í Lóni fyrir austan Hornafjörð eftir ábendingu frá Ómari Ragnarssyni sem þekkir landið betur en flestir.

Síðar um haustið kom Volpers aftur til Íslands og saman héldum við vestur um haf til Utah. Rætt var við aðila í kvikmyndagerð, verkefnið kynnt og svo var ekið af stað, bæ úr bæ, allt niður til St. George við landamæri Arizona. Þar sáum við skólahúsið í Grafton sem Paul Newman hjólaði blístrand í kringum á meðan Robert Redford og Katharine Ross voru eitthvað að bardúsa innandyrna í kvikmyndinni Butch Cassidy and the Sundance Kid. Svo var ekið til baka upp fylkið allt norður að saltsléttunum miklu.



Jón Laxdal og Rolf Hädrich við Seljalandsfoss 13. júlí 1978.



Gerd Wolpers í Utah í fyrri ferðinni, hér nærri þeim stað sem valinn var fyrir götuna með hið heilaga fjall í baksýn.

Í kirkjugarðinum í Spanish Fork mátti sjá að Íslendingarnir voru afskiptir og út af fyrir sig, jafnvel í dauðanum, gamlir legsteinar með íslenskum nöfnum og áletrunum stóðu í hnapp í einu horni garðsins.

FUNDUR Í NEW YORK

Þegar heim kom sýndi Wolpers sínum mönnum afrakstur ferðarinnar og mikið safn ljósmynda og gagna. Þeim leist ekki á blikuna og var ákveðið að fara aðra ferð til Utah. Nú slóst leikstjórinn með í för ásamt Frank Banuscher kvikmyndatökumanni og fyrst var haldið til New York. Þar kom til fundar við hópinn þekktur amerískur kvikmyndaframleiðandi sem bar ljósan kamelullarfrakka á herðunum. Hann hafði fengið handritið sent og kynnt sér innihaldið. Hann var hrifinn af efninu og lýsti áhuga á að koma að því, en með sínum skilyrðum. Þau voru þessi: Styttu handritið um helming, leika allt á ensku og Kirk Douglas leikur Steinar bónda. Kirk hafði lesið handritið og sýnt því áhuga, enda alvarlega þenkjandi listamaður. „Take it or leave it“. Nú varð fátt um svör. Sá ameríski kvaddi kurteislega og yfirgaf fundinn.

SPÁMENN Í SALT LAKE CITY

Þegar menn höfðu jafnað sig á þessu var flogið til Saltlækjarsitru og lagt upp í aðra skoðunarferð um territorí Utah endilangt. Allt stóð heima sem við Wolpers höfðum sagt, nútíminn var allstaðar og tekin var ákvörðun um að finna stað í salvíubrúskunum fyrir sunnan Provo og byggja þorpið þar. Við fengum mikinn úrvalsmann, Douglas Johnson, til að annast alla framkvæmd í Utah og byggja götuna í tæka tíð samkvæmt mínum teikningum. Var markað fyrir aðalgötunni í Spánskum Forki og stefnu hennar á hið heilaga fjall Timpanogos með snærisspotta.

Gengið var til fundar við leiðtoga Kirkju hinna síðari daga heilögu á efstu hæð í háhýsi kirkjunnar í miðborg Salt Lake City. Voru þýskir spenntir fyrir hugsanlegri þátttöku kirkjunnar í verkefninu. Mormónar trúá því að Guð haldi áfram að senda okkur spámenn og að ævinlega sé einn slíkur tiltækur að stjórna málefnum kirkjunnar. Var spámaður sá í forsæti á fundinum. Ekki höfðu þeir aðeins kynnt sér kvikmyndahandritið vandlega heldur þekktu þeir bók Halldórs vel og efni hennar, en þar segir frá því er Steinar bóndi gengur af Mormónstrú og snýr heim í sína Paradís, en samkvæmt mormónum er Paradís einmitt í Utah fylki miðju.

Bentu hinir heilögu menn af mikilli kurteisi á ýmislegt misjafnt í handritinu, s.s. nauðgun og drykkjuskap, og tiltóku ýmislegt annað ósiðsamlegt athæfi. Þeir myndu því ekki leggja fé í þetta annars ágæta verkefni heldur styðja við það á alla lund með öðrum hætti. Bentu þeir á góða samstarfsaðila í stofnunum og fyrirtækjum og óskuðu gestum sínum mikillar blessunar.

UNDIRBÚNINGUR HEIMA

Þegar kom fram yfir áramót var farið að ráða fólk til ýmissa starfa og koma upp verkstæði og myndveri í bakhúsi við Ármúla 7. Mínir helstu aðstoðarmenn voru Trausti Valsson, þýskmenntaður arkitekt, Vignir Jóhannsson, myndlistarmaður og Ásta Ólafsdóttir, myndlistarmaður. Stærstu verkefni voru að sjálfsögðu gatan í Utah, torfbærinn í Hlíðum við Hvalnes, bærinn að innan í myndveri ásamt fleiru og konungstjaldið á Þingvöllum. Auk þess voru tugir annarra tökustaða. Bærinn var byggður að öllu leyti á verkstæðinu, tekinn sundur, fluttur austur í Hvalnes og reistur þar undir brattri hlíðinni. Sá Trausti um þann þátt verksins og hafði með sér vaskan flokk manna. Ég sneri mér fljótlega að teikningum fyrir Utah og sendi þær jafn óðum vestur. Við Doug Johnson ræddumst við í síma og ég fylgdist þannig með gangi mála vestra. Fyrsta verk hans var að ráða hóp háskólastúdenta til að framleiða þúsundir aðóbí-steina fyrir brikkggjaragarðinn. Þeir eru hnoðaðir úr leir, stráum og vatni, settir í mót og bakaðir í sólinni.

UPPTÖKUR HEFJAST

Þegar komið var vel fram á sumar mættu þýskir til leiks með allt sitt lið. Byrjað var á inniatriðum í salnum í Ármúla. Þar höfðum við meðal annars byggt og innréttað baðstofuna í Hlíðum. Stundum kom það fyrir að þýskir trúðu ekki að þetta hefði nú verið svona og hinsegin og höfðu orð á því. Meðal starfsmanna í leikmyndadeild var Ingólfur Eldjárn, sonur Kristjáns forseta. Dag einn, um það bil sem tökurl voru að hefjast, renndi Kristján Eldjárn í hlað, heilsaði upp á mannskapinn og kíkti á baðstofuna. Leist honum vel á og lét þau orð falla að svona hefði þetta nú verið í gamla daga. Þegar þýskir áttuðu sig á því hver var hér á ferð breyttist afstaða þeirra og lengi á eftir trúðu þeir hverju orði sem ég sagði um gömul hús. Svo færðust upptökur út á land, í tjaldið á Þingvöllum og svo smám saman austar uns flokkurinn settist að á Höfn.



Upptökur í konungstjaldinu á Þingvöllum. Meðal leikara eru Dietmar Schönherr sem lék Kristján níunda, Gunnar Eyjólfsson sem Benediktsson sýslumaður og Jón Laxdal, sem flytur konungi drápu að íslenskum sið.



Trausti Valsson arkitekt, Friðjón Guðröðarson sýslumaður og Benedikt bóndi á Hvalnesi við sýslusteininn.

BÆRINN Í HLÍÐUM

Eins og fyrr sagði var staðurinn fyrir Hlíðabæinn ekki fundinn þegar Hädrich leikstjóri fór af landinu sumarið áður, og hann hafði því aðeins séð staðinn á myndum. Og nú var búið að byggja bæinn. Þegar þetta rann upp fyrir Knippenberg, framkvæmdastjóra verkefnisins, varð hann skelfingu lostinn því leikstjóri gat hafnað tökustað sem hann hafði ekki séð áður og samþykkt. Það var því spennuþrungið loft þegar flokkurinn ók frá Höfn um Almannaskarð að Hvalnesi og sá bæinn undir fjallshlíðinni í fyrsta sinn. Búið var að tyrfa þjóðveginn á drjúgum kafla, vísa almennri umferð um Lónsheiði og leggja niður símalínur og rafmagnsstaura á leiðinni heim að Hvalnesi. Benedikt bóndi og synir hans höfðu hlaðið grjóttgarðinn sem kemur við sögu af mikilli snilld. Til allrar hamingju líkaði Hädrich það sem hann sá og tókur gátu hafist. Þessi litli bær stendur enn á sínum stað en er nú farinn að láta nokkuð á sjá eftir 41 ár. Friðjón Guðröðarson sýslumaður á Höfn var okkur afar hjálplegur og fékk alla til að vinna með okkur. Eitt sinn þurftum við að útbúa skjal með innsigli. Þá lánaði Friðjón mér innsigli sitt með þeim orðum að ég mætti hvorki dæma né gifta nokkurn mann.

SUNDANCE

Þegar hér var komið sögu, og allir sátir við bæinn í Hlíðum undir Steinahlíðum, kvaddi ég hópinn hér heima og flaug vestur til Utah ásamt Þóru konu minni. Dvöldum við þar í rúmar fimm vikur á meðan löggöf var lokað hönd á smíði og frágang leikmyndanna. Doug Johnson hafði staðið við sitt og gatan var orðin glæsileg, full af leikmunum og fínum smáatriðum, hestum og vögnum, og asninn í Brikkleggjaragarðinum gekk hrínandi hring eftir hring og sneri hjólinu sem hrærir saman stráinu og leirnum. Dag einn bauð Doug okkur Þóru á kúrekasýningu á útileiksvæði leikarans Roberts Redford. Hann á þarna mikla landareign, Sundance, sem er skíðaland á vetrum. Redford átti það til að koma með samstarfsmenn sína frá Hollywood í sumarfríum og gefa ungum kvikmyndagerðarmönnum kost á að hitta þá og fræðast af þeim. Ári eftir að við vorum í Utah fékk hann þá hugmynd að efna til hátíðar fyrir ódýrar, sjálfstæðar kvikmyndir. Þarna urðu til Sundance kvikmyndahátíðin og stofnunin, þar sem ungt kvikmyndagerðarfólk getur lært af atvinnufólki, þróað verk sín og unnið til verðlauna.

Í GUÐSBORG SÍON

Um leið og tökum lauk við Hvalnes kom hluti hópsins vestur, þeir sem áttu að leika þar og helstu stjórnendur, en hluti tækniliðs og búnaðar var fenginn í Utah. Þessir Íslendingar voru í Utah auk okkar Þóru: Guðný Halldórsdóttir aðstoðarleikstjóri og leikararnir Jón Laxdal, Helga Bachmann, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Fríða Gylfadóttir, Anna Björnsdóttir, Halla Linker, María Guðmundsdóttir, Áróra Halldórsdóttir og Gísli Alfreðsson. Utah er hátt yfir sjávarmáli og þar er mikill munur á hita dags og nætur. Þegar tökur hófust var vaknað kl. 4 og ekið út í götu í myrkri og kulda, en um leið og sólin kom upp hitnaði fljótt og fyrr en varði voru komin 40 stig á celsíus. Tökur gengu vel og oft var unnið í 15 klukkustundir á dag. Þá var gott að komast í sundlaugina við mótelið í Provo í lok dags og var stundum glatt á hjalla. Íslensku leikararnir komu einn af öðrum að heiman og Þóra mín fékk það hlutverk að sækja þá á flugvöllinn í Salt Lake því hún þekkti þá í sjón en þeir þýsku ekki.

Stærstu senurnar voru þegar konur í Spánskum Forki fóru um götur á hestvögnum og kröfðust fjölkvænis. Sá sem útvegaði hesta, reiðtygi og vagna var af kyni indíána, hann svaf í uppmjóu indíánatjaldi hjá hnökk-unum sínum og beislunum – með byssu undir koddanum.

GOTT FÓLK

Í starfsmannahópnum var margt prýðisfólk, þar á meðal Óskars-verðlaunahafinn Ulla-Britt Söderlund búningahönnuður. Hún hafði unnið Óskarinn fyrir hönnun búninga í kvikmyndinni Barry Lyndon eftir Stanley Kubrick árið 1976 ásamt Milenu Canonero. Ulla-Britt hafði mest unnið við danskar og sænskar kvikmyndir. Hún var afar flinkur og skemmtilegur samstarfsmaður. Svo vil ég nefna Svein Einarsson og Guðnýju Halldórsdóttur sem sáu til þess að úrval íslenskra leikara var valið í hlutverk-in og gættu þess að íslenski textinn heyrðist skikkanlega.

Jón Laxdal hafði birst eins og skapaður í hlutverki Garðars Hólm í Brekkukotsannál sjö árum fyrr og lifði sig nú inn í hlutverki Steinars bónda, svo mjög að hann fór varla úr búningnum vikum saman. Jón hafði ungur farið út í heim og starfað í Þýskalandi og Sviss og reynt fyrir sér í þýskum leikhúsum, en loks sest að í litlum bæ í Sviss, Kaiserstuhl, á bökkum Rínar. Þar rak hann sitt eigið litla leikhús en Ísland vék aldrei úr huga hans.



Ulla-Britt Söderlund búningahönnuður fylgist með Jóni Laxdal í tökum.



Aðalmenn í Utah. Douglas Johnson, sá sem byggði götuna, mér við hlið fyrir miðju, ásamt aðstoðarmönnum sínum.

HALDIÐ HEIM

Þegar ljóst var að allir tökustaðir í Utah væru tilbúnir og allt gengi samkvæmt áætlun var mínu hlutverki þar lokið. Við þóra þokkuðum saman og flugum heim með stuttu stoppi í Chicago.

Um haustið var skroppið til Þýskalands og kvikmyndað í höllinni Schloss-Panker í Schleswig-Holstein, sem átti að vera höll Dana-konungs, þar sem Steinar bóndi gefur konungi kistil og kvæði og sér aftur gæðinginn Krapa. Hann var þá kallaður Pússý og dró börn í smávagni. Einnig var ölkelda Kristínar Píls byggð í þýsku skógarljóði, en raunveruleg uppspretta hins heilnæma drykkjarvatns er við Dyrehavsbakken. Tveir staðir voru enn ófundnir og leystu þýskir þær þrautir án mín. Annað var útflytjendaskipið þar sem hlaupastrákar af Galísíu flekuðu Steinu Steinsdóttur, heimasætu í Hlíðum undir Steinahlíðum. Skipið fannst í höfninni í Hamborg og var leigt í einn dag til að taka stórt atriði á dekki með spili og söng. Innatriðin höfðu verið tekin í myndverinu í Ármúla 7 um sumarið. Hitt var hótelforsalur í Edinborg þar sem Benediktсен sýslumaður, leikinn af Gunnari Eyjólfsyni, hittir Steinar bónda fyrir tilviljun og réttir honum afsalið af Hlíðabænum sem hann hafði keypt á uppboði. Þar með voru örlög Steinars bónda ráðin, hann hafði heim aftur sína Paradís og hélt nú þangað að leita sannleikans þar.

SÖGULOK

Vinnan við Paradísarheimt tók hug minn og orku í tvö ár og ævintýrið í Utah er ógleymanlegt. Reynslan af svo viðamiklu verkefni býr með manni alla ævi. Mormónar eru mikið heiðursfólk, reglusamir og vinnusamir og kynnin af þeim frábær. Lengi á eftir langaði mig að fara aftur til Utah og gera litla mynd um afdrif Íslendinganna sem fluttust þangað af trúarástæðum um miðja 19. öld, en önnur viðfangsefni tóku við.

Enn er ónefndur til sögunnar sá mikli meistari sem skapar þessi ævintýri í upphafi. Eitt sinn var Dieter Meichsner, yfirmaður leiklistardeildar NDR, spurður að því hvers vegna þeir væru að koma til Íslands og kvikmynda verk Halldórs Laxness. Svárið var einfalt: Við eigum engar svona sögur.

Björn G. Björnsson



Mynd af Íslendingum sem fluttust vestur um haf á 19. öld og gerðust mormónar. Myndina hafði Halldór hjá sér þegar hann skrifaði Paradísarheimt. Sjá má kveðju til skáldsins aftan á myndinni, sjá hér neðar.

Dear Mr. Lapsess-

28 September 1959

This is a copy of the picture in which you were interested at our house on Wednesday. The house was one of many built in Spanish Fork, Utah by Loftur Jonsson.

The people in it are: No 1 Margaret Gisladóttir who came in 1855 and was the first Icelandic woman to come to Utah; she was the wife of Samuel Björnsson.

Nos 2 and 3 are my grandparents - Geili Einarsson ^{Björnsson} and his wife Halldora Arnadóttir.

No 4. is Gudrun Halldórsdóttir who took the name of her stepfather Loftur Jonsson ^{Halldórsson} and who we know as "old guinná" Jonsson. She walked across the plains also with a handcart ⁽¹⁾ company in 1857. She came with her ⁽³⁾ mother Gudrun and her stepfather Loftur Jonsson. ⁽⁴⁾

Good luck and God bless you in your present quest.

Sincerely
Mrs. A. Sherman Christensen



GLJÚFRASTEINN
Hús skáldsins

**Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn**